

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir,
nr. 477 27. október 1988.**

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 20. gr. orðist svo: Af heildarsölu hverrar getraunaviku skal 40% varið til vinninga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 93 2. desember 1988, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. desember 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 508

AUGLÝSING

8. nóvember 1988

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1988 staðfest þá breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar að nýtingarhlutfall er hækkað úr 0.45 í 0.64 á svokallaðri Steinullarlóð þ.e. á svæði sem markast af Lækjargötu, Hringbraut og Öldugötu. Húsagerð er og breytt og íbúðum fjölgað á kostnað iðnaðarsvæðis.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur staðfest hana og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 509

AUGLÝSING

23. nóvember 1988

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar, hefur verið ákveðið að setja biðskyldu á götu frá Dvalarheimilinu Höfða gagnvart Innesvegi.

Lögreglustjórnin á Akranesi, 23. nóvember 1988

e. u.

Jón Vilberg Guðjónsson, ftr.